



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Veitnanefndar 1.fundur**

Fundur að Hlíðavegi 6, 6. september 2006 kl. 10:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Úlfar Sæmundsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **1. Fundarsetning.**

Formaður veitnanefndar setti fund og bauð menn velkomna til fyrsta fund. Yngvi Ragnar óskaði eftir að dagskránni yrði breytt og byrjað á að ræða ástand veitunnar. Samþykkt samhljóða.

### **2. Ástand veitukerfis.**

Rætt vítt og breytt um ástand veitukerfisins. Alveg ljóst að fara þarf í verulegar endurbætur. Veitnanefnd beinir því til sveitarstjórnar að láta gera úttekt á veitunni bæði með tilliti til flutningsgetu lagna og kostnaðar. Sérstaklega verði könnuð lögnin frá Varmastöð niður að té-brunni í Reykjahlíð. Jafnframt verði kannað með sölu á hitaveitunni.

### **3. Ósk frá eigendum Voga 3 um tengingu frístundabyggðar í Stórarjóðri við veitukerfi.**

Eins og ástand veitunnar er ekki hægt að verða við erindinu. Hins vegar verði tíminn í vetur nýttur til úttektar á veitunni. Þannig að næsta vor sé hægt að svara því hvenær af tengingunni geti orðið.

### **4. Ósk frá Jóhanni og Elínu Kristjánbörnum um tengingu tveggja frístundahúsa í landi Bjarkar við veitukerfi.**

Veitnanefnd samþykkir að verða við erindinu skv. gjaldskrá.

### **5. Önnur mál.**

Önnur mál voru rædd undir lið 2.

Fleira ekki gert,  
fundir slitið

Kristján Steingrímsson,  
Lárus Björnsson,  
Yngvi Ragnar Kristjánsson